

# Fundargerð 146. fundar

## fræðslumálanefndar sambandsins

Árið 2023, fimmtudaginn 25. maí kl. 13:00 kom fræðslumálanefnd sambandsins saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Álfhildur Leifsdóttir, Helgi Arnarson, Helgi Grímsson og Róslín Alma Valdemarsdóttir.

Kristín Jóhannesdóttir boðaði forföll.

Að auki sátu fundinn: Anna Ingadóttir sérfræðingur, Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi og Svala Kristín Hreinsdóttir sérfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

Ólafur Þór Ólafsson fulltrúi í félagsþjónustunefnd sambandsins sat fundinn undir þessum dagskrálið.

### 1. Farsæld barna - diplómanám - Háskóli Íslands - 2305024SA

Námsleiðin Farsæld barna - diplómanám er grundvölluð á samstarfssamningi Mennta- og barnamálaráðuneytis og Háskóla Íslands um stuðning HÍ við innleiðingu á löggjöf um farsæld barna. Samningurinn er annars vegar um að koma á fót og veita umsjón þverfaglegu diplómanámi á sviði farsældar barna og hins vegar að stofna og halda utan um Samstarfsnet um rannsóknir á farsæld barna á Íslandi.

Ragnheiður Hergeirsdóttir lektor og umsjónarmaður námsins kynnti námsleiðina en nýlega lauk fyrsti nemendahópur diplómanámi um farsæld barna.

*Fræðslumálanefnd þakkaði Ragnheiði fyrir greinagóða kynningu á námsleiðinni. Fræðslumálanefnd taldi mikilvægan kost að námið sé skipulagt með þeim hætti að hægt sé að stunda það í fjarnámi samhliða starfi. Slíkt fyrirkomulag gefur starfsfólki sem starfar með börnum á öllu landinu frekari möguleika til að stunda námið. Umsóknarfrestur til að sækja um diplómanám í Farsæld barna fyrir skólaárið 2023-2024 er til 5. júní nk.*

*Fræðslumálanefnd hvetur forsvarsmenn námsleiðarinnar til að vinna skipulag og innihald hennar í samráði við Menntavísindasvið HÍ og miðstöð skólaþróunar við HA.*

Ólafur Þór Ólafsson fulltrúi í félagsþjónustunefnd sambandsins sat fundinn undir þessum dagskrálið.

### 2. Börn og netmiðlar - rannsókn Menntavísindastofnunar - 2305023SA

Menntavísindastofnun Háskóla Íslands í samráði við Fjölmíðlanefnd lagði fyrir víðtæka spurningakönnun, Börn og netmiðlar, meðal grunn- og framhaldsskólanema á aldrinum 9-18 ára um allt land á vormánuðum árið

2021. Könnunin náði eingöngu til netnotkunar barna. Sjá <https://midlalaesi.is/>

Ingibjörg Kjartansdóttir frá Menntavísindastofnu og Skúli B. Geirdal frá fjölmiðlanefnd kynntu helstu niðurstöður könnunarinnar.

Til skoðunar er hjá Menntamálastofnun, hvort leggja eigi fyrir foreldra spurningakönnun um netnotkun á heimilum sem snýr að því hvort og hvernig foreldra eru að fylgjast með netnotkun barna sinna.

Leitað er eftir álit fulltrúa fræðslumálanefndar á því hvort ávinningur væri af slíkri fyrirlögn, hvernig hægt væri að nýta niðurstöðurnar sem stuðning og leiðbeiningar fyrir foreldra. Einnig er leitað eftir ráðgjöf nefndarinnar hvernig best væri að kynna niðurstöður kannana og rannsókna fyrir börnum þar sem þau eru sjálf þátttakendur í þannig að niðurstöður nýtist öllum til hagsbóta.

*Fræðslumálanefnd þakkaði Ingibjörgu og Skúla fyrir greinargóða kynningu á niðurstöðum könnunarinnar og hvernig þær hafa verið kynntar úti á vettvangi.*

*Fræðslumálanefnd telur að spurningakönnun til foreldra um netnotkun barna þeirra gæti nýst vel til frekari fræðslu og kynningar til foreldra og skólasamfélagsins í heild samhliða spurningakönnuninni „Börn og netmiðlar“.*

*Með vísan í Barnasáttmálann telur fræðslumálanefnd að mikilvægt sé að eiga virkt samráð við börn, í samræmi við aldur þeirra og þroska, um niðurstöður kannana og rannsókna sem þau eru sjálf þátttakendur í. Barnvænni nálgun verði beitt í þeirri vinnu til að ná fram sjónarmiðum barna, þau fái tækifæri til að tjá hugmyndir sínar á fjölbreyttan hátt, þannig að rannsóknarniðurstöður verði nýttar þeim til hagsbóta.*

### 3. **Endurmenntunarsjóður grunnskóla 2023-2024 - 2305027SA**

Anna Ingadóttir, starfsmaður Endurmenntunarsjóðs grunnskóla, greindi frá úthlutun úr sjóðnum árið 2023 vegna verkefna sem koma eiga til framkvæmda skólaárið 2023-2024.

Alls bárust umsóknir um styrki til 196 verkefna frá 76 umsækjendum upp á tæplega 166 milljónir króna. Ákveðið var að veita styrki til 195 verkefna og nam heildarfjárhæð styrkloforða rúmlega 60 milljónum króna. Fjölbreytni var í umsóknum m.a. um samskipti, teymiskennslu, kynvitund, hegðun, leiðsagnarnám og verkefni er snúa að farsæld barna svo eitthvað sé nefnt. Tölvupóstur með niðurstöðu úthlutunar hefur verið sendur umsækjendum.

Ákveðið var að nýta ekki heimild 5. greinar í reglum um Endurmenntunarsjóð grunnskóla og því voru engin forgangsverkefni auglýst að þessu sinni.

*Upplýsingar um úthlutun styrkja úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla lagðar fram til kynningar.*

*Fræðslumálanefnd lagði til að óskað verði eftir upplýsingum frá Endurmenntunarsjóði grunnskóla um styrkveitingar síðastliðinna ára til upplýsingar fyrir sveitarfélög um þróun úthlutunar.*

**4. Námsleyfasjóður grunnskóla 2024-2025 - 2304023SA**

Anna Ingadóttir starfsmaður Námsleyfasjóðs, óskaði eftir hugmyndum fræðslumálanefndar að áherslum Námsleyfasjóðs vegna skólaársins 2024-2025.

*Tillaga fræðslumálanefndar er að áherslur Námsleyfasjóðs vegna skólaársins 2024-2025 verði á nemendum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og inngilding þeirra ásamt skólastarfi í þágu farsældar barna.*

Fundi var slitið kl. 15:30

---

Álfhildur Leifsdóttir

---

Helgi Arnarson

---

Helgi Grímsson

---

Róslín Alma Valdemarsdóttir